

sem hefur starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags, á flugvélum og skipum sem því eru heimil lögum samkvæmt, skrásetningu réttinda og stofnun takmarkaðra eignarréttinda yfir slíkum eignum alþjóðlegs viðskiptafélags eða lántökur, lánveitingar eða viðskipti slíks félags vegna lögheimillar starfsemi þess.

IV. KAFLI

**Breytingar á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs,
með síðari breytingum.**

7. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, 1. og 2. tölul., svohljóðandi:

- | | |
|---|-------------|
| 1. Starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags | 100.000 kr. |
| 2. Árlegt eftirlitsgjald alþjóðlegs viðskiptafélags | 100.000 kr. |

V. KAFLI

Gildistaka.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Ákvæði 1.–5. gr. koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2000 vegna tekna á árinu 1999 og eigna í lok þess.

Gjört í Reykjavík, 18. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Geir H. Haarde.

Nr. 30

18. mars 1999

LÖG

um breyting á lögum um leigubifreiðar, nr. 61/1995.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. tölul. 3. gr. laganna orðast svo: hafa ekki verið dæmdir til refsivistar eða framið alvarleg eða ítrekuð brot á lögum og reglugerðum sem um starfsgreinina gilda; hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Í stað 2. málsl. 5. mgr. 7. gr. laganna koma fjórir nýir málslíðir, svohljóðandi: Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn allt til 75 ára aldurs leyfishafa ef hann telst hæfur til að stunda leiguakstur. Hæfi leyfishafa skal metið á grundvelli árlegrar læknis-skoðunar og hæfnisprófs sem þreyta skal tvisvar sinnum eftir lok 70 ára aldurs leyfishafa. Hæfnispróf skal fyrst þreyta við fyrstu framlengingu leyfis og aftur innan þriggja ára frá þeim degi. Nánar skal kveðið á um þessi atriði í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Halldór Blöndal.

19. mars 1999

Nr. 31

LÖG

um alþjóðleg viðskiptafélög.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði. Skilgreiningar.

1. gr.

Lög þessi gilda um alþjóðleg viðskiptafélög.

Með alþjóðlegu viðskiptafélagi er í lögum þessum átt við félag sem stofnað er og skráð hér á landi og hefur starfsleyfi skv. II. kafla þessara laga.

Alþjóðlegum viðskiptafélögum er einungis heimilt að stunda starfsemi sem kveðið er á um í III. kafla.

Alþjóðlegum viðskiptafélögum er skylt og einum heimilt að hafa í heiti sínu orðin alþjóðlegt viðskiptafélag eða skammstöfunina a.v., a/v eða av.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og hugtök merkingu sem hér segir:

Atvinnufyrirtæki erlendis er félag sem skráð er erlendis og er að öllu leyti með atvinnu-starfsemi sína erlendis.

Erlendur aðili er einstaklingur, búsettur erlendis, án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóður eða annar lögaðili sem á heimili erlendis. Einstaklingur telst búsettur erlendis ef hann á lögheimili erlendis samkvæmt skilgreiningu lögheimilislaga. Lögaðili telst eiga heima erlendis ef hann er skráður til heimilis erlendis eða telur heimili sitt erlendis samkvæmt samþykktum sínum.

Innlendur aðili er einstaklingur, búsettur hér á landi, án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóður eða annar lögaðili sem á heimili hér á landi. Einstaklingur telst búsettur hér á landi ef hann á lögheimili sitt hér á landi samkvæmt skilgreiningu lögheimilislaga. Lögaðili telst eiga heimili sitt hér á landi ef hann er skráður hér á landi eða ef hann telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum.

Íslensk lögsaga er efnahagslögsaga Íslands eins og hún er skilgreind í lögum á hverjum tíma.